



Síldarvinnslan hf

**Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 1. janúar - 30. júní 2022**



Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	2 - 3
Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022	4
Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022	5
Efnahagsreikningur samstæðu 30. júní 2022	6 - 7
Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022	8
Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022	9
Skýringar	10 - 17

Síldarvinnslan hf.

Kennitala 570269-7479

Hafnarbraut 6, Neskaupstað

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi samstæðunnar

Samstæða Síldarvinnslunnar hf. er í dag með öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 60 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Samstæðan er ein sú stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Síldarvinnslunni hf. og dótturfélögum sem eru í lok tímabilsins Bergur-Huginn ehf., Bergur ehf., Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Fjárfestingafélagið Vör ehf. og Seley ehf.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 167,7 milljónum dollara á tímabilinu og hagnaður af rekstrinum nam 46,2 milljónum dollara. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 728,8 milljónum dollara í lok tímabilsins og eigið fé nam 440,6 milljónum dollara en þar af var hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðunnar 2,7 milljónir dollara. Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 60,5%.

Allt hlutafé í hlutdeildarfélaginu Hafnarbraut 2 ehf. var selt í byrjun árs 2022. Síldarvinnslan hf. festi kaup á jörðinni Fannardal í Norðfirði í byrjun árs 2022, en áformað er að nýta jörðina til skógræktar með kolefnisbindingu í huga. Sjá nánar í skýringu nr. 10.

Síldarvinnslan keypti í júní síðast liðnum 34,2% hlut í norska laxeldisfyrirtækinu Arctic Fish Holding AS. Arctic Fish Holding AS er skráð á Euronext Growth Market í Oslo og félagið á 100% hlut í Arctic Fish ehf. sem rekur laxeldisstöðvar á Vestfjörðum. Sjá nánar skýringu nr. 5.

Samningur um kaup Síldarvinnslunnar á öllu hlutafé í sjávarútvegsfélaginu Vísi hf. í Grindavík var undirritaður 10. júlí síðastliðinn. Kaupverð er greitt með hlutafé í Síldarvinnslunni 70% og 30% með reiðufé, sem verður fjármagnað að hluta með lánsfé. Kaupin eru háð samþykki hluthafafundar Síldarvinnslunnar hf., niðurstöðu áreiðanleikakönnunnar og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Sjá nánar skýringu nr. 10.

Að mati stjórnenda er engin óvissa um horfur á helstu mörkuðum samstæðunnar vegna Covid-19, en á heildina litið hafa fjárhagsleg áhrif heimsfaraldursins á samstæðuna ekki haft veruleg hingað til.

Samkomulag hefur náðst við viðskiptaaðila Síldarvinnslunnar í Úkraínu um eftirgjöf á viðskiptakröfu Síldarvinnslunnar á hendur honum. Gengið var frá samkomulaginu í apríl 2022 og telst það vera fullnaðaruppgjör. Ástandið í Úkraínu hefur að öðru leyti ekki haft neikvæð áhrif á samstæðuna. Sjá nánar í skýringu nr. 7.

Ísfisktogarinn Vestmannaey VE 54 hélt til veiða í mars eftir fjögurra mánaða viðgerð en eldur kom upp í vélarúmi skipsins í október á síðasta ári. Fullnaðaruppgjör við tryggingafélag skipsins hefur ekki farið fram og telja stjórnendur félagsins að ekki verði um miklar viðbótar gjaldfærslur vegna þessa hjá samstæðunni.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022, og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. júní 2022. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar hf. staðfesta hér með árs hlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 með undirritun sinni.

Neskaupstað, 18. ágúst 2022.

Þorsteinn Már Baldvinsson
Stjórnarformaður

Anna Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi

Baldur Már Helgason
Meðstjórnandi

Björk Þórarinsdóttir
Meðstjórnandi

Guðmundur Rafnkell Gíslason
Meðstjórnandi

Gunnþór Ingvason
Forstjóri

Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022

Skýringar	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
	2022 1.4-30.6	2021 1.4-30.6	2022 1.1-30.6	2021 1.1-30.6
Rekstrartekjur				
Seldar vörur	67.088.086	46.826.724	167.655.122	99.204.049
Hagnaður af sölu eigna	0	174.963	0	174.963
	<u>67.088.086</u>	<u>47.001.687</u>	<u>167.655.122</u>	<u>99.379.012</u>
Rekstrargjöld				
Kostnaðarverð seldra vara	28.808.358	18.832.046	76.065.957	37.615.992
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður	12.576.731	13.665.351	31.082.858	26.063.852
Annar rekstrarkostnaður	2.352.222	1.656.491	4.674.682	2.980.849
	<u>43.737.311</u>	<u>34.153.888</u>	<u>111.823.497</u>	<u>66.660.693</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	23.350.775	12.847.799	55.831.625	32.718.319
Afskriftir fastafjármuna	4	3.141.156	2.447.696	6.201.665
Rekstrarhagnaður		<u>20.209.619</u>	<u>10.400.103</u>	<u>49.629.960</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur og verðbætur	140.168	69.025	240.708	271.388
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.080.406)	(869.568)	(2.121.392)	(1.877.435)
Gengismunur	3.817.916	1.659.779	5.488.787	2.934.831
Tekjur (gjöld) af verðbréfum og afleiðusamningum	168.810	(255.931)	3.716.228	3.115.226
	<u>3.046.488</u>	<u>603.305</u>	<u>7.324.331</u>	<u>4.444.010</u>
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	5	(787.870)	(380.850)	275.698
Hagnaður af afhendingu dótturfélags	0	23.637.620	0	23.637.620
Hagnaður af sölu hlutdeildarfélaganna	70.204	0	253.458	0
Hagnaður fyrir skatta	22.538.441	34.260.178	57.483.447	59.510.072
Tekjuskattur	(3.856.832)	(2.697.978)	(11.314.769)	(6.884.068)
Hagnaður tímabilsins	<u>18.681.609</u>	<u>31.562.200</u>	<u>46.168.678</u>	<u>52.626.004</u>
Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt:				
Eigendur félagsins	18.696.734	31.748.204	46.015.328	52.568.333
Hlutdeild minnihluta	(15.125)	(186.004)	153.350	57.671
	<u>18.681.609</u>	<u>31.562.200</u>	<u>46.168.678</u>	<u>52.626.004</u>
Hagnaður á hlut				
Hagnaður eigenda félagsins á útistandandi hlut	0,0110	0,0186	0,0271	0,0310
Starfspáttayfirlit	3			
Ársfjórðungsyfirlit	11			

Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022

	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
	2022 1.4-30.6	2021 1.4-30.6	2022 1.1-30.6	2021 1.1-30.6
Hagnaður tímabilsins	18.681.609	31.562.200	46.168.678	52.626.004
Önnur heildarafkoma				
<i>Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:</i>				
Pýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum	(2.199.245)	1.294.724	(1.607.058)	1.526.043
Áhættuvarnir vegna langtímaskulda	0	0	0	736.812
Heildarafkoma tímabilsins	<u>16.482.364</u>	<u>32.856.924</u>	<u>44.561.620</u>	<u>54.888.859</u>
Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt:				
Eigendur félagsins	16.616.958	33.071.629	44.541.031	54.826.717
Hlutdeild minnihluta	(134.594)	(214.705)	20.590	62.142
	<u>16.482.364</u>	<u>32.856.924</u>	<u>44.561.620</u>	<u>54.888.859</u>

Efnahagsreikningur samstæðu 30. júní 2022

Eignir	Skýringar	30.6.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Fiskveiðiheimildir		269.625.065	271.349.923
		<u>269.625.065</u>	<u>271.349.923</u>
Rekstrarfjármunir:	4		
Varanlegir rekstrarfjármunir		166.608.386	163.261.084
Fastafjármunir í smíðum		24.486.718	19.037.704
Leiguréttindi		1.227.224	1.089.809
		<u>192.322.328</u>	<u>183.388.597</u>
Fjárfestingar:			
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	5	129.144.966	14.811.947
Eignarhlutar í öðrum félögum		2.015.840	2.801.006
Skuldabréfaeign		91.856	94.209
		<u>131.252.662</u>	<u>17.707.162</u>
Fastafjármunir samtals		593.200.055	472.445.682
Veltufjármunir			
Birgðir	6	46.807.406	32.388.354
Viðskiptakröfur	7	48.001.573	43.466.707
Aðrar skammtímakröfur		8.710.413	4.430.954
Handbært fé		30.507.005	79.856.239
		<u>134.026.397</u>	<u>160.142.254</u>
Fastafjármunir sem haldið er til sölu		1.567.591	1.567.591
Veltufjármunir samtals		135.593.988	161.709.845
Eignir samtals		<u><u>728.794.043</u></u>	<u><u>634.155.527</u></u>

Efnahagsreikningur samstæðu 30. júní 2022

Eigið fé og skuldir	Skýringar	30.6.2022	31.12.2021
Eigið fé			
Hlutfé		14.096.600	14.096.600
Yfirverðsreikningur hlutafjár		17.588.283	17.588.283
Annað bundið eigið fé		33.112.856	31.137.925
Óráðstafað eigið fé		373.085.600	357.037.020
		<u>437.883.339</u>	<u>419.859.828</u>
Hlutdeild minnihluta		2.681.993	2.661.403
		<u>440.565.332</u>	<u>422.521.231</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir og skuldbindingar:			
Skuldir við lánastofnanir	8	104.974.870	113.654.475
Tekjuskattsskuldbinding		52.954.653	53.275.448
		<u>157.929.523</u>	<u>166.929.923</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir	8	82.774.753	1.217.538
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	8	8.010.944	8.382.929
Reiknaðir skattar tímabilsins		11.246.353	11.149.898
Víðskiptaskuldir		14.098.860	12.452.885
Aðrar skammtímaskuldir		12.544.815	9.047.557
Skuldir við tengd félög	9	1.623.463	2.453.566
		<u>130.299.188</u>	<u>44.704.373</u>
Skuldir samtals		288.228.711	211.634.296
Eigið fé og skuldir samtals		<u>728.794.043</u>	<u>634.155.527</u>
Aðrar upplýsingar	10		

Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
1. janúar - 30. júní 2022:						
Staða í ársbyrjun	14.096.600	17.588.283	31.137.925	357.037.020	2.661.403	422.521.231
<i>Heildarafkoma:</i>						
Hagnaður tímabilsins				46.015.328	153.350	46.168.678
Þýðingarmunur			(1.474.298)		(132.760)	(1.607.058)
Bundinn						
- hlutdeildarreikningur			4.014.646	(4.014.646)		0
- gangvirðisreikningur			(565.417)	565.417		0
	0	0	1.974.931	42.566.100	20.590	44.561.620
<i>Eigendur:</i>						
Greiddur arður				(26.517.519)		(26.517.519)
Staða í lok tímabils	14.096.600	17.588.283	33.112.856	373.085.600	2.681.993	440.565.332
	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
1. janúar - 30. júní 2021:						
Staða í ársbyrjun	13.967.526	10.070.499	33.240.148	324.809.669	4.184.269	386.272.111
<i>Heildarafkoma:</i>						
Hagnaður tímabilsins				52.568.333	57.671	52.626.004
Þýðingarmunur			1.521.572		4.471	1.526.043
Áhættuvörn						
vaxtaskiptasamninga			921.015			921.015
Tekjuskattsáhrif			(184.203)			(184.203)
Bundinn						
- hlutdeildarreikningur			(2.135.414)	2.135.414		0
- gangvirðisreikningur			311.112	(311.112)		0
	0	0	434.082	54.392.635	62.142	54.888.859
<i>Eigendur:</i>						
Seldir eigin hlutir	128.380	7.478.248				7.606.628
Greiddur arður				(54.458.538)		(54.458.538)
Viðskipti við						
minnihlutaeigendur				(1.716.543)	(1.702.302)	(3.418.845)
	128.380	7.478.248	0	(56.175.081)	(1.702.302)	(50.270.755)
Staða í lok tímabils	14.095.906	17.548.747	33.674.230	323.027.223	2.544.109	390.890.215

Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022

	Skýringar	2022 1.1-30.06	2021 1.1-30.6
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri			
Hagnaður tímabilsins		46.168.678	52.626.004
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	6.201.665	4.989.670
Aðrir liðir		(5.122.356)	(27.238.712)
Hreint veltufé frá rekstri		47.247.987	30.376.962
 (Hækkun) lækkun rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímaskröfur		(16.057.408)	757.640
Birgðir		(14.499.611)	(6.631.375)
Hækkun rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldur		10.822.532	7.081.785
		(19.734.487)	1.208.050
Handbært fé frá rekstri		27.513.500	31.585.012
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	4	(4.819.532)	(7.806.872)
Fjárfest í fastafjármunum í smíðum	4	(10.806.859)	(23.769.641)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		0	219.548
Leiguréttindi, breyting	4	(168.563)	0
Breytingar á skuldabréfaeign		0	27.211
Fjárfesting í nýju dótturfélagi		0	(39.460.627)
Keyptur eignarhluti minnihluta		0	(3.418.845)
Handbært fé dótturfélags sem fer úr samstæðu		0	(7.093.614)
Seldir eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	5	326.361	0
Arður frá hlutdeildarfélögum	5	799.091	3.015.545
Keyptir eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	5	(114.999.222)	0
Seldir eignarhlutar í öðrum félögum		751.442	1.192
		(128.917.282)	(78.286.103)
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldur		1.579.784	84.961.350
Afborganir langtímaskulda		(4.124.265)	(70.546.961)
Viðskipti með eigin bréf		0	6.104.017
Greiddur arður		(26.517.519)	(595.873)
Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir		81.547.709	0
		52.485.709	19.922.533
Lækkun á handbæru fé		(48.918.073)	(26.778.558)
Handbært fé í byrjun árs		79.856.239	90.119.415
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga		(431.161)	(199.601)
Handbært fé í lok tímabils		30.507.005	63.141.256
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðir vextir og arðstekjur		210.772	3.209.096
Greiddir vextir og gengismunur		(1.570.409)	(1.564.529)
Greiddir skattar		(4.046.080)	(3.543.252)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Síldarvinnslan hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hafnarbraut 6, Neskaupstað. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur fiskvinnslu og útgerð.

Árshlutareikningur samstæðunnar var samþykktur á stjórnarfundum félagsins þann 18. ágúst 2022.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi félagsins fyrir árið 2021.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2021. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings samstæðu þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2.3 Breyting á samanburðarfjárhæðum

Til að gæta samræmis við núverandi framsetningu hefur samanburðartölum í árshlutareikningnum verið breytt. Tekjur, sem skilgreindar voru sem aðrar tekjur, hafa verið endurskilgreindar af stjórnendum samstæðunnar. Tekjurnar eru nú flokkaðar með tekjum af útgerð og tilgreindar meðal seldra vara. Til að gæta samræmis við núverandi skilgreiningu hefur samanburðartölum í árshlutareikningnum verið breytt. Þá hefur áður birt starfspáttayfirlit fyrir samanburðar tímabilið tekið samsvarandi breytingum.

3. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir eru skilgreindir í samræmi við eðli rekstrar og innri skýrslugjöf samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir hjá sér tvo starfspætti, *Útgerð* og *Landvinnslu*. Aðrir starfspættir falla undir liðinn *Annað*.

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin afli	Jöfnunar- færslur	Samtals
1.1 - 30.6.2022						
Seldar vörur	64.992.688	130.598.154	12.200.929	(35.555.913)	(4.580.736)	167.655.122
Kostnaðarverð seldra vara	21.679.557	83.650.136	10.872.913	(35.555.913)	(4.580.736)	76.065.957
Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn.	21.713.172	7.471.987	1.897.699	0	0	31.082.858
Annar rekstrarkostn.	874.163	1.602.800	2.197.719	0	0	4.674.682
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir	20.725.796	37.873.231	(2.767.402)	0	0	55.831.625
Afskriftir fastafjármuna	(4.081.069)	(1.842.195)	(278.401)	0	0	(6.201.665)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						7.324.331
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagi						275.698
Hagnaður af sölu hlutdeildarfélagi						253.458
Tekjuskattur						(11.314.769)
Hagnaður tímabilsins						46.168.678
Fjárfestingar	(86.520)	(15.484.729)	(55.142)	0	0	(15.626.391)
Rekstrarfjármunir	118.882.553	70.110.590	3.329.185	0	0	192.322.328
Óefnislegar eignir, óskiptar						269.625.065
Aðrar eignir, óskiptar						266.846.650
Skuldir, óskiptar						(288.228.711)

Skýringar

3. Starfspáttayfirlit (framhald)

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin afli	Jöfnunar- færslur	Samtals
1.1. - 30.6.2021						
Seldar vörur	49.062.682	69.685.914	10.508.136	(23.065.032)	(6.987.651)	99.204.049
Hagnaður af sölu eigna	0	174.963	0	0	0	174.963
Kostnaðarverð seldra vara	17.496.820	40.208.326	9.963.529	(23.065.032)	(6.987.651)	37.615.992
Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn.	17.354.021	6.258.743	2.451.088	0	0	26.063.852
Annar rekstrarkostn.	708.815	429.524	1.842.510	0	0	2.980.849
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir	13.503.026	22.964.284	(3.748.991)	0	0	32.718.319
Afskriftir fastafjármuna	(2.953.031)	(1.931.335)	(105.304)	0	0	(4.989.670)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						4.444.010
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага						3.699.793
Hagnaður af afhendingu dótturfélags						23.637.620
Tekjuskattur						(6.884.068)
Hagnaður tímabilsins						52.626.004
Fjárfestingar	(24.178.777)	(6.303.468)	(874.720)	0	0	(31.356.965)

Tekjuaukningu samstæðunnar á milli fyrsta ársheilmings árið 2022 og 2021, að fjárhæð um 68,5 milljónir dollara, má að langstærstum hluta rekja til aukningar á framleiðsluverðmætum vegna stærri laðnukvóta. Bæði var mun meiri framleiðsla á mjöli og lýsi og eins var meiri framleiðsla á frosnum uppsjávarafurðum en á sama tímabili árið áður. Þá eru verð á mjöli og lýsi töluvert hærri á fyrsta ársheilmingi þessa árs en á sama tímabili í fyrra.

4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir felast í varanlegum rekstrarfjármunum og fjárfestinga í smíðum. Leiguréttindi eru jafnframt flokkuð meðal rekstrarfjármuna. Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðju- vélar og tæki	Samtals
Í lok tímabils 30.6.2022:				
Bókfært verð í ársbyrjun	22.428.099	122.772.113	18.060.872	163.261.084
Viðbót ársins	3.876.986	86.520	856.026	4.819.532
Bókfært verð seldra eigna	0	0	(19.311)	(19.311)
Flutt af fastafjármunum í smíðum	4.667.438	0	651.277	5.318.715
Áhrif gengisbreytinga	(4.797)	(560.454)	(35.866)	(601.117)
Afskriftir	(785.620)	(3.971.507)	(1.413.390)	(6.170.517)
Bókfært verð í lok tímabils	30.182.106	118.326.672	18.099.608	166.608.386
	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðju- vélar og tæki	Samtals
Bókfært verð í lok 30.6.2022 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	75.310.460	159.790.241	107.302.690	342.403.391
Afskrifað samtals	(45.128.354)	(41.463.569)	(89.203.082)	(175.795.005)
Bókfært verð í lok tímabils	30.182.106	118.326.672	18.099.608	166.608.386
Afskriftahlutfall á ári	0-6%	4-10%	6-20%	

Skýringar

4. Rekstrarfjármunir (framhald)

Afskriftir greinast þannig:	1.1.-30.6.2022	1.1.-30.6.2021
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	6.170.517	4.965.860
Afskriftir leiguréttinda	31.148	23.810
	<u>6.201.665</u>	<u>4.989.670</u>

Fastafjármunir í smíðum

Fiskimjölsverksmiðja í Neskaupstað

Á árinu 2021 hófust framkvæmdir við stækkun fiskimjölsverksmiðju og löndunarhúss Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Löndunarhúsið er stækkað um 300 fermetra og í því verður komið fyrir búnaði sem mun tvöfalda afköstin við vinnslu á loðnuhrognum. Hrognavinnslan hefur verið tekin í notkun og var fjárfesting vegna hennar flutt á varanlega rekstrarfjármuni, alls 5,3 milljónir USD. Stækkun fiskimjölsverksmiðjunnar er hins vegar skipt í tvo áfanga. Í fyrri áfanganum er reist 2000 fermetra verksmiðjuhúsið og komið upp lítilli verksmiðjueiningu sem á að geta afkastað 380 tonnum á sólarhring. Litlu verksmiðjueiningunni er fyrst og fremst ætlað að vinna afskurð frá fiskiðjuveri fyrirtækisins auk þess sem hún mun nýtast við þróunarverkefni og spara töluverða orku. Áætlað er að litla verksmiðjan verði komin í notkun í september 2022. Í síðari áfanganum verður komið upp búnaði sem eykur afkastagetu verksmiðjunnar úr 1.800 tonnum á sólarhring í 2.380 tonn. Áætlaður heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er um 40 milljónir USD. Áætluð verklok þessarra framkvæmda er á fyrri hluta ársins 2023. Heildarkostnaður verksins nemur 24,5 milljónir USD í lok tímabilsins.

Greiðslur og kostnaður vegna nýsmíða eru sem hér greinir:

	Samtals
Breytingar á kostnaði vegna fastafjármuna í smíðum	1.1.-30.6.2022
Heildarverð í ársbyrjun	19.094.554
Fjárfesting tímabilsins	10.806.859
Flutt á varanlega rekstrarfjármuni	(5.318.715)
Áhrif gengisbreytinga	(95.980)
Heildarverð í lok tímabils	<u>24.486.718</u>

Leiguréttindi

Félög innan samstæðunnar hafa gert langtímaleigusamninga um leigu á nótahólfum. Samingarnir eru til 25 ára en leigutaki hefur rétt til ótímabundinnar framlengingar á leigu að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Umsamin leigufjárhæð var öll greidd á árinu 2019 og færð sem langtímakrafa. Á árinu 2022 voru tvö nótahólf tekin til viðbótar á leigu og umsamin leigufjárhæð öll greidd í byrjun árs. Leiguréttindin eru afskrifuð á 25 árum. Þróun leigueignar greinist þannig á tímabilinu:

	1.1.-30.6.2022	1.1.-30.6.2021
Leiguréttindi í upphafi árs	1.089.809	1.162.392
Viðbót	168.563	0
Afskrift leiguréttinda	(31.148)	(23.810)
Áhrif gengisbreytinga	0	8.252
	<u>1.227.224</u>	<u>1.146.834</u>

5. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Kaup á Arctic Fish Holding AS

Síldarvinnslan keypti í júní síðastliðnum 34,2% hlut í norska laxeldisfyrirtækinu Arctic Fish Holding AS og nam kaupverðið NOK 1.089.968.400 (USD 115 milljónir). Arctic Fish Holding AS er skráð á Euronext Growth Market í Oslo og félagið á 100% hlut í Arctic Fish ehf. sem rekur laxeldisstöðvar á Vestfjörðum og er með leyfi fyrir 27.000 tonna eldi í sjó, auk þess að reka seiðaeldisstöð á Tálknafirði. Fyrirtækið er í mikilli uppbyggingu á Bolungarvík þar sem verið er að byggja laxaslátrun. Fyrir hlutinn er greitt með reiðufé og lánsfé. Á hluthafafundi Arctic Fish AS þann 18. júlí var framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar kosinn í stjórn félagsins. Fjárfestingin er skilgreind sem eignarhlutur í hlutdeildarfélagum hjá samstæðunni. Afkomuhlutdeild verður færð frá því að áhrif urðu virk, þ.e. frá og með júlí 2022.

Skýringar

5. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum (framhald)

Eftirfarandi upplýsingar eru úr þriggja mánaða uppgjöri Arctic Fish Holding AS fyrir 2022 sem lá til grundvallar við kaupin:

Eignir og skuldir keyptar

Óefnislegar eignir	86.680.592
Veltufjármunir	66.229.866
Eignir samtals	152.910.458

Eigið fé	101.626.704
Langtímaskuldir	32.841.670
Skammtímaskuldir	18.442.084
Skuldir og eigið fé samtals	152.910.458

Yfirverð

Kaupverð	114.999.222
Eigið fé 34,2%	(34.756.333)
Yfirverð	80.242.889

Yfirverð við kaupin nam USD 80.242.889. Stjórnendur vinna að því að útteila yfirverði á eignir og skuldir félagsins á kaupdegi og verður þeirri vinnu lokið á árinu 2022. Í lok tímabilsins nam skráð markaðsvirði bréfa Síldarvinnslunnar í Arctic Fish Holding AS USD 102.621.324 (NOK 1.022.390.359).

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum í lok tímabilsins:	Eignarhlut- deild í %	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð í lok árs
Atlantic Coast Fisheries Corp., Bandaríkjunum.....	100,00%	109.250	3.592.742
SR-Vélaverkstæði hf., Siglufirði.....	37,30%	24.093	464.854
Arctic Fish Holding AS, Noregi.....	34,20%	0	114.999.222
Polar Pelagic A.S., Grænlandi.....	33,00%	(86.968)	8.465.362
G. Skúlason vélaverkstæði hf., Neskaupstað.....	24,95%	83.684	485.825
Rauðaþing ehf., Kópavogur.....	24,95%	77.415	432.022
Miðhús ehf., Neskaupstað.....	46,70%	68.224	704.939
		275.698	129.144.966

Allur eignarhluti samstæðunnar í hlutdeildarfélaginu Hafnarbraut 2 ehf. var seldur í byrjun árs 2022. Söluverðið nam um 42,2 milljónum króna (USD 326,4 þús.).

Starfsemi Atlantic Coast Fisheries Corp. fellst í 25% eignarhaldi á F/V Holdings LLC sem er útgerðarfélag í Bandaríkjunum.

Breyting á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:	1.1. - 30.6.2022	1.1. - 30.6.2022
Hlutdeild 1/1	14.811.947	38.643.558
Hrein hlutdeild í afkomu	275.698	3.699.793
Mótttekinn arður	(799.091)	(3.015.545)
Kaup á hlutdeildarfélagi	114.999.222	0
Breyting á virkri eignarhlutdeild og aðrar breytingar	(70.975)	(23.655.174)
Áhrif gengisbreytinga	(71.835)	(860.685)
	129.144.966	14.811.947

Skýringar

6. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	30.6.2022	31.12.2021
Hráefni	2.362.204	2.920.261
Fullunnar afurðabirgðir	34.825.587	20.089.805
Rekstrarvörur	4.114.086	3.864.905
Veiðarfæri	5.505.529	5.513.383
	<u>46.807.406</u>	<u>32.388.354</u>

Fullunnar afurðabirgðir voru að kostnaðarverði 34,8 milljónir dollara þann 30.6.2022 samanborið við 20,1 milljónir dollara þann 31.12.2021. Að mati stjórnenda mun skilaverð fullunninna afurðabirgða í lok tímabilsins nema allt að 51,2 milljónum dollara í samanburði við 27,1 milljónir dollara í lok árs 2021.

Vörubirgðir félagsins á reikningsskiladegi eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði í lok júní 2022 og byggir m.a. á útreikningum um framlegð og öðrum viðeigandi forsendum. Að mati stjórnenda er seljanleiki vörubirgða félagsins góður og ástandið í Úkraínu er ekki að hafa teljanleg áhrif á tekjur félagsins.

7. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	30.6.2022	31.12.2021
Almennar viðskiptakröfur	28.761.063	16.778.447
Viðskiptakröfur á tengd félög	19.615.031	29.334.843
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(374.521)	(2.646.583)
	<u>48.001.573</u>	<u>43.466.707</u>

Kröfur á tengda aðila eru tilgreindar með viðskiptakröfum en kröfurnar eru allar tilkomnar vegna reglubundinna viðskipta. Á meðal krafna á tengda aðila er krafa á sölufyrirtækið Ice Fresh Seafood ehf., sem er söluumboðsfyrirtæki Síldarvinnslunnar og telst vera tengdur aðili. Á bak við kröfuna eru fjölmargar kröfur sölufyrirtækisins á aðila í ýmsum löndum. Samkvæmt samningi milli samstæðunnar og sölufyrirtækisins ber Síldarvinnslan útlánaáhættuna verði greiðslufall hjá endanlegum skuldara að kröfunni.

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:	30.6.2022	31.12.2021
Staða í ársbyrjun	(2.646.583)	(558.565)
Breyting á niðurfærslu	(1.000.901)	(2.140.139)
Tapaðar viðskiptakröfur á tímabilinu	3.270.000	49.085
Áhrif gengisbreytinga	2.963	3.036
Staða í lok tímabils	<u>(374.521)</u>	<u>(2.646.583)</u>

Samstæðan fylgir fyrirmælum alþjóðlegs reikningsskilastaðals IFRS 9 um niðurfærslu viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar niður með einfaldri aðferð og byggir matið á sögulegum gögnum um tapsreynslu ásamt því að horft er til efnahagslegra umhverfisþátta á reikningsskiladegi, og væntinga til framtíðar, að svo miklu leyti sem það er heimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Samkomulag hefur náðst við viðskiptaaðila Síldarvinnslunnar í Úkraínu um eftirgjöf á viðskiptakröfu Síldarvinnslunnar á hendur honum. Gengið var frá samkomulaginu í apríl 2022 og telst það vera fullnaðaruppgjör. Samkvæmt uppgjörinu gefur Síldarvinnslan eftir 3.270.000 USD af viðskiptakröfu sinni en krafan hafði verið færð niður á árinu 2021, um 2.447.500 USD. Í árshlutareikningnum er því aukin niðurfærsla sem nemur 822.500 USD á tímabilinu. Niðurfærslan er færð meðal annars rekstrarkostnaðar.

Skýringar

8. Skuldir við lánastofnanir

Langtímaskuldir við lánastofnanir:	30.6.2022	31.12.2021
Skuldir í USD	57.360.684	58.009.284
Skuldir í EUR	29.375.319	33.328.409
Skuldir í GBP	9.531.984	10.888.807
Skuldir í NOK	12.608.286	14.772.493
Skuldir í JPY	4.109.541	5.038.411
	<u>112.985.814</u>	<u>122.037.404</u>
Afborganir næstu 12 mánaða	(8.010.944)	(8.382.929)
Langtímaskuldir í lok tímabils	<u>104.974.870</u>	<u>113.654.475</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Afborganir næstu 12 mánaða	8.010.944
Afborganir á árinu 2023-2024	8.023.698
Afborganir á árinu 2024-2025	8.023.698
Afborganir á árinu 2025-2026	27.020.125
Afborganir á árinu 2026-2027	55.859.604
Afborganir síðar	6.047.745
	<u>112.985.814</u>

Langtímaskuldir samtals USD 112.985.814, koma þannig fram í efnahagsreikningi: 30.6.2022

Afborganir næstu 12 mánaða , færðar meðal skammtímaskulda.....	8.010.944
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	104.974.870
	<u>112.985.814</u>

Skammtímaskuldir samstæðunnar við lánastofnanir eru tilkomnar vegna kaupa á hlutdeildarfélaginu Arctic Fish Holding AS. Skammtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig:

Skuldir í USD.....	62.000.000
Skuldir í EUR.....	20.774.753
	<u>82.774.753</u>

Unnið er að endurfjármögnun ofangreindra skammtímaskulda og breyta þeim í langtímaskuldir.

9. Tengdir aðilar

Samstæðan er í dreifðri eignaraðild. Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélög, stjórnir félaga í samstæðunni, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Tímabilið 1. janúar - 30. júní 2022	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta-kröfur	Viðskipta-skuldir
Hlutdeildarfélög.....	129.857	10.500.812	11.887	1.262.820
Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu.....	46.158.035	20.830.702	19.603.144	360.643
	<u>46.287.892</u>	<u>31.331.514</u>	<u>19.615.031</u>	<u>1.623.463</u>
Árið 2021	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta-kröfur	Viðskipta-skuldir
Hlutdeildarfélög.....	415.931	3.714.077	339.967	750.345
Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu.....	132.002.103	16.714.176	28.994.876	1.703.221
	<u>132.418.034</u>	<u>20.428.253</u>	<u>29.334.843</u>	<u>2.453.566</u>

Skýringar

10. Aðrar upplýsingar

Keypt jörð

Síldarvinnslan hf. keypti jörðina Fannardal í Norðfirði í byrjun árs 2022, þar sem áformað er að nýta jörðina til skógræktar með kolefnisbindingu í huga. Ennfremur verða skoðaðir möguleikar til virkjunar vatns sem rennur á jörðinni, auk þess eru til skýrslur sem sýna fram á möguleika á að finna heitt vatn á jörðinni og verða þeir skoðaðir. Unnið er að samningi við Skógræktarfélag Íslands varðandi uppgræðslu trjáa á jörðinni. Kaupverð jarðarinnar nam 95 milljónum króna (USD 732,5 þús.). Óbyggðanefnd hefur gert kröfu til landsins og eru lögfræðingar Síldarvinnslunnar að skoða málin. Óvíst er um niðurstöðu málsins, en viðauki við kaupsamning hefur verið gerður, sem gerir ráð fyrir að kaupverð verði endurmetið verði krafa Óbyggðarnefndar að veruleika. Dómskvaddir matsmenn verða fengnir til verksins.

Kaup á Vísi hf.

Þann 10. júlí síðastliðinn var skifað undir kaup Síldarvinnslunnar hf. á öllu hlutafé í sjávarútvegsfélaginu Vísi hf. í Grindavík. Kaupverð hlutafjár er 20 milljarðar króna (USD 146 milljónir). Nettó skuldbindingar Vísis nema um 11 milljörðum króna (USD 85 milljónum). Vísir er öflugt bolfiskfélag sem hefur yfir að ráða rúmum 15 þúsund þorskígildistönnum af aflaheimildum í bolfisk. Félagið rekur 4 skip í aflamarkskerfinu og 2 báta í krókaflamarki, auk þess að vera með hátækni bolfiskvinnslu í Grindavík ásamt saltfiskverkun. Kaupverð verður greitt með hlutafé í Síldarvinnslunni 70% og 30% með reiðufé, sem verður fjármagnað að hluta með lánsfé. Heimild fyrir hækkun hlutafjár í Síldarvinnslunni vegna kaupanna var samþykkt á hluthafafundi þann 18. ágúst 2022.

Kaupin eru háð samþykki hluthafafundar Síldarvinnslunnar hf., niðurstöðu áreiðanleikakönnunnar og samþykki Samkeppniseftirlitsins á þeim. Áhrif kaupanna og afhending hlutafjár á grundvelli hækkunar verða ekki færð í efnahagsreikning samstæðunnar fyrr en öllum skilyrðum hefur verið fullnægt og fyrirvörum aflétt.

Skýringar

11. Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur samstæðunnar á árinu greinist þannig eftir ársfjórðungum:

	2 F 2022	1 F 2022	Samtals
Seldar vörur.....	67.088.086	100.567.036	167.655.122
Rekstrartekjur.....	67.088.086	100.567.036	167.655.122
Kostnaðarverð seldra vara.....	28.808.358	47.257.599	76.065.957
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður.....	12.576.731	18.506.127	31.082.858
Annar rekstrarkostnaður.....	2.352.222	2.322.460	4.674.682
Rekstrargjöld.....	43.737.311	68.086.186	111.823.497
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.....	23.350.775	32.480.850	55.831.625
Afskriftir fastafjármuna.....	3.141.156	3.060.509	6.201.665
Rekstrarhagnaður	20.209.619	29.420.341	49.629.960
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	3.046.488	4.277.843	7.324.331
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага.....	(787.870)	1.063.568	275.698
Hagnaður af afhendingu dótturfélags.....	70.204	183.254	253.458
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	22.538.441	34.945.006	57.483.447
Tekjuskattur.....	(3.856.832)	(7.457.937)	(11.314.769)
Hagnaður tímabilsins.....	18.681.609	27.487.069	46.168.678

Rekstur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2021 greinist þannig eftir ársfjórðungum:

	2 F 2021	1 F 2021	Samtals
Seldar vörur.....	46.826.724	52.377.325	99.204.049
Hagnaður af sölu eigna.....	174.963	0	174.963
Rekstrartekjur.....	47.001.687	52.377.325	99.379.012
Kostnaðarverð seldra vara.....	18.832.046	18.783.946	37.615.992
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður.....	13.665.351	12.398.501	26.063.852
Annar rekstrarkostnaður.....	1.656.491	1.324.358	2.980.849
Rekstrargjöld.....	34.153.888	32.506.805	66.660.693
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.....	12.847.799	19.870.520	32.718.319
Afskriftir fastafjármuna.....	2.447.696	2.541.974	4.989.670
Rekstrarhagnaður	10.400.103	17.328.546	27.728.649
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	603.305	3.840.705	4.444.010
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага.....	(380.850)	4.080.643	3.699.793
Hagnaður af afhendingu dótturfélags.....	23.637.620	0	23.637.620
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	34.260.178	25.249.894	59.510.072
Tekjuskattur.....	(2.697.978)	(4.186.090)	(6.884.068)
Hagnaður tímabilsins.....	31.562.200	21.063.804	52.626.004